



Félag íslenskra snyrtifræðinga

SI

Aukablað Íslensks iðnaðar

September 2006



bls. 2




Öflug starfsemi lykill að velgengni

bls. 3



Aðalfundur og árshátíð FÍSF

bls. 6



Íslandsmót iðnnema 2006

bls. 7

Laser til lækningar húðlýta og húðsjúkdóma
Greinarhöfundur er sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum

bls. 8



Dagskrá vetrarins 2006 - 2007

Öflug starfsemi lykill að velgengni



Hildur Erna Ingadóttir
formaður FÍSF

Síðastliðið ár hefur verið annasamt hjá stjórn FÍSF. Mikið hefur verið lagt í allt kyns starfsemi innan félagsins, auk þess sem félagið og starf snyrtifræðinga hefur verið kynnt í fjölmiðlum landsins. Sú auglýsing, sem starf snyrtifræðinga hefur fengið, er gífurleg. Mikið hefur verið spurt um námið og starfið. Margar fyrirspurnir bárust á Meistarinn.is og aðrar iðngreinar hafa litið til okkar og dádést að frábæru framtaki okkar.

Samtök iðnaðarins hafa stutt FÍSF dyggilega varðandi þessar auglýsingar, bæði í formi fjár- og vinnuframlags og er það þakkað hér með.

Ekki er þar með sagt að nú megi leggja árar í bát. Ég hvet félagana til að taka virkan þátt í starfsemi á komandi vetri því að mikið verk er óunnið og mikið á dagskrá FÍSF þetta starfsárið. Má þá helst nefna ráðstefnu um stefnumótun og framtíðarsýn í snyrtiðn sem haldin verður í haust, „Fagleg og lögleg.“ Síðari hluti kynningarátaks snyrtifræðinga verður í byrjun september og heimsping CIDESCO í október í Aþenu.

Snyrtifræðingar verða að berjast hart fyrir tilvistarrétti sínum en iðngreininni og starfsheitinu er oft líkt við förðunarfræðinga. Auðvitað er þar verið að líkja saman ólíkri starfsemi en oft þekkir hinn almenni borgari ekki muninn á þessu tvennu. Því er nauðsynlegt að snyrtifræðingar standi þétt saman og efla þá frábæru iðngrein sem snyrtifræði er. Hún hefur eflst til muna og mun stækka og dafna um ókomin ár. Aukin krafa þjóðfélagsins um að líta vel út er kjöríð tækifæri snyrtifræðinga til að hasla sé völl og skapa sér ímynd í þjóðfélaginu.

Styrkur Félags íslenskra snyrtifræðinga felst í samstöðu félaganna.

Verum því samtaka um að standa vörð um félagið okkar.

Jákvæð ímynd og skýr skilaboð vekja gríðarlega athygli og aðsókn Markaðsátakið „Fagleg og lögleg“ heldur áfram

Markaðsátak Félags íslenskra snyrtifræðinga, sem hófst í vor, virðist hafa skilað góðum árangri. Fréttir hafa borist frá snyrtistofum þess efnis að viðskipti hafi verið góð og að mikið hafi verið spurt um átakið. Svo virðist sem átak af þessu tagi efla gæðavitund viðskiptavina sem spyrja nú um menntun starfsfólksins og vilja vita hvað þeir greiða fyrir. Þetta er mikilvægur áfangi fyrir okkur snyrtifræðinga sem höfum lengi átt við óvandaða samkeppni að etja. Átak okkar þykir athyglisvert forðæmi fyrir aðrar iðngreinar. Gaman er frá því að segja að á tímabilinu sóttu 2.436 neytendur upplýsingar af vefnum og flettingar voru rétt um 120 þúsund sem telst allgóð notkun í virkri vefmælingu. Nú er hafinn síðari hluti markaðsátaksins og við vonumst til að það skili áframhaldandi árangri og ánægju.

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga í Félagi Íslenskra snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og fírdón og réttu og öruggu húðmeðferð.

Meistarar- og sveinmátt stuðfesta að þinni snyrtifræðingur sé með löggiltit réttindi sem fagmaður. Eru þau sjúkleik á þinni snyrtistofu?

Þú ert í öruggum höndum snyrtifræðinga í Félagi Íslenskra snyrtifræðinga og þú finnur okkur á Meistarinn.is.



Stærðir og heiti íslenskra snyrtifræðinga eru áskilnaðar og tryggja gæðavitund og fagmennsku. Símanúmer og netfang eru áskilnaðar og tryggja gæðavitund og fagmennsku.

101 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 101 101 101
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 101 101 101
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 101 101 101

111 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 111 111 111

121 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 121 121 121

131 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 131 131 131

141 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 141 141 141

151 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 151 151 151

161 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 161 161 161

171 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 171 171 171

181 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 181 181 181

191 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 191 191 191

201 Reykjavík
Snyrtistofa Loft, Fréttarúð 24, 201 201 201

Aðalfundur og árshátíð FÍSF

Aðalfundur félagsins var haldinn laugardaginn 18. mars að Hótel Örk í Hveragerði. Að loknum venjubundnum aðalfundarstörfum voru félagskonur drifnar út á gólf til að taka þátt í trylltum Afríkudansi undir kraftmiklum trumbu-slætti. Síðan var dregið í hinu árlega

happdrætti þar sem margir veglegir vinningar voru í boði. Um kvöldið var haldin árshátíð félagsins. Þar var í boði góður matur og lífleg skemmtiatriði þar sem þær stigu trylltan afríkudans og hljómsveit lék fyrir dansi fram eftir nóttu.



Stjórnin í þungum þönkum!



Hildur nýkjörinn formaður Físf afhendir hér Guðrúnu Bjarnadóttur, eiganda Snyrtihornsins og gjaldkera félagsins, einn af glæsilegum happdrættisvinningum



Hulda Pétursdóttir, eigandi Snyrtistofu Huldu, þyrí Dóra Sveinsdóttir, eigandi Snyrtistofunnar Ársólar og Eygló Þorgeirsdóttir, eigandi Snyrtistofu Eyglóar að fundarstörfum



Nína, Guðrún og Hildur stjórnarkonur tilbúnar í slaginn fyrir kvöldið



Hér sjást nokkrar líprar félagskonur stíga afrískan dans undir leiðsögn dansara frá Kramhúsinu



Guðlaug, eigandi GK snyrtistofu og Jónína Hallgrímsdóttir, eigandi Snyrtistofu Jónu á góðri stundu

Nýr stjórnarmaður Samtaka iðnaðarins



Anna María Jónsdóttir er fædd 5. september 1967. Hún stundaði almennt nám í Fjölbautaskólanum í Breiðholti en fór að því loknu í snyrtifræði og brautskráðist þaðan árið 1988.

Anna María stundaði nám við Florida School of Massage 1993 og Berger Institute of Production Technology árið 1994 og lauk meistarárófi í snyrtifræði árið 2005. Árið 2000 keypti hún eigið fyrirtæki, Salon Ritz ehf., en seldi þann rekstur árið 2004 og stofnaði Snyrti- og nuddstofuna Laugar Spa ehf. í Laugahúsi í Laugardal.

Anna María hefur starfað að félagsmálum og setið í stjórn Félags íslenskra snyrtifræðinga síðastliðin 5 ár. Hún lét af störfum sem formaður FÍSF í mars á þessu ári eftir tveggja ára farsæla formennsku.

Aukaaðalfundur

Aukaaðalfundur var haldinn mánudaginn 29. maí síðastliðinn á Hótel Loftleiðum. Efni fundarins var að samþykka ný og endurskoðuð lög félagsins. Hægt er að skoða nýju löggin á heimasíðunni www.fisf.is. Ennig var kynnt fyrirhugað CIDESCO þing í Aþenu.

Serge Lutens **SLA**

Studio Finish er framúrskarandi og einstakt gel frá SLA sem dregur úr hrukum og ósléttri húð. Studio Finish er gegnsætt gel sem sléttir og róar húðina. Það heldur húðinni mattri og förðunin endist mun lengur en ella. Gelið er notað undir farða. Það skal bera á við augu, munn og þar sem hrukur eru áberandi.

Hár og Smink
Hlíðarsmára 17
Sími 5640868 og 5646868



Slim Success

Draumur í baráttunni gegn appelsínuhúð? Fitusog? Nýtt Slim Success Serum með Lippolyzer™ sem vinnur hratt og vel á appelsínuhúð.

Stórfengleg vísindaleg uppgötvun: Lypolizer™ er afar áhrifaríkt. Það brýtur niður og eyðir fitu.*

Virkar greinilega á appelsínuhúð: 71%** Minnkar ummál læra um 1,9 cm*** að meðaltali stöðug virkni í tvær vikur eftir að notkun vörunnar er hætt.***

www.lancome.com

*Prófanir fóru fram í tilraunaglas

**notendapróf, 120 konur í tvær vikur

***klínískar prófanir, 50 konur í 28 daga, ending virkninnar mæld eftir tvær vikur

Terma hf.

Höfðabakka 3, 110 Rvk.

Sími 585 7900



Kristalla orkumeðferð frá Etre-belle

Spennandi sérmeðferð - Róandi, slakandi með rosa quartz kristöllum

Örfandi, hressandi með bláu calcit - Súkkulaðimaski

Heildverslunin Hjölur ehf., Hjallabrekku 1, Sími 588 8300

Academie Men


ný andlitslína fyrir herra - vertu í góðum gír, vertu myndarlegur. Karlmenn vilja vera myndarlegir og aðlaðandi. Þeir vilja hugsa um húð sína. Academie Scientifique de Beauté notar nú sérfræðipækningu sína í húðumhirðu fyrir karlmenn í nýju "MEN" vörulínunni. Húðumhirðuvörurnar eru sérsniðnar og gæddar einstökum krafti eikarviðar og birkitrjáa sem eru tákni hreysti, afls, langlífis og styrks.

ÓM Snyrtivörur ehf.

Suðurlandsbraut 4a

Sími 568 0829

www.om.is



Ný lúxus lína frá LCN SPA

Allt fyrir hendur og fætur

Heilsa og fegurð

Umboðsaðilar fyrir

LCN á Íslandi

Sími 568-8850



BIO SCULPTURE

Hunangsneglur frá Suður-Afríku hafa farið sigurför um heim allan. Þær eru úr náttúrulegu efni, flottar, þunnar, eðlilegar, sveigjanlegar og skaða ekki eigin neglur. Gelið endist mjög vel styrkir og bætir eigin neglur. Hægt að fjarlægja það með acetoni.

Heildsöluaðili Bio Sculpture á Íslandi: Stella Sigurbjörnsdóttir
Sími 868-6695





Helena Rubinstein

SURREALIST Maskari lengir augnhárin og gerir þau ögrandi. Árangrinum eru engin takmörk sett. Einstalega löng, fallega löguð og fullkomlega aðskilin. Augnhárin opna augu þín fyrir nýjum víddum. Sérhannaður burstinn og formúlan móta augnhárin og lengja svo að annað eins hefur vart sést. Surrealist eyeliner undirstrikar augun enn frekar. Hann er fánlegur í mörgum fallegum litum, einn og sér eða sem hluti af Surrealist maskaranum.

Terma hf, Höfðabakka 3, Sími 585 7900



Hands!Up

Bláa vörulínan með hreinsandi og rakagefandi innihaldsefnum er fullkomin forvarnarmeðferð fyrir yngri hendur en bleika línan kemur í veg fyrir þurrk og hrukkur með hátækniefninu beta-glucane. Síðast en ekki síst er silfurlínan að auki með háan ljósvarnarþátt ásamt húðljúsingarefnum Biowhite™ sem verndar hendurnar gegn óreglulegri húðblettamyndun og „öldrunarblettum.“ Eitt eiga allar Hands!Up vörurnar sameiginlegt: Bioparl efnablönduna - blöndu af efnum úr sweet-water perlum sem virka sem sannur „orkupakki“ fyrir húðfrumurnar.

ÓM Snyrtivörur ehf.

Suðurlandsbraut 4a

Sími 568 0829

www.om.is



Clarins hefur sett á markað Pro línu bæði fyrir andlit og líkama. Efnin innihalda virkari efni og stuðla að betri og árangursríkari meðferðum. Vörurnar endurnýja og efla húðina með áhrifaríkum efnablöndum úr virkum plöntukjörnum og aromatis olíum.

Við Clarins Pro meðferðir er notuð Clarins Touch aðferðafræði og unnið er upp úr hefðbundnum söluvörum ásamt Pro-Intensive Plus línunni.

Pro vörurnar hafa sérstaka áferð og eru sérstaklega hannaðar út frá meðferðum snyrtifræðinga Clarins.

Clarins vörurnar eru fagmannlegar fegrunarvörur innblásnar af snyrtistofumeðferðum.

Halldór Jónsson ehf., Sími 563 6300, E-mail: hj@hj.is

NATURASUN eru lengst komnir í brúnkumeðferðum hér á landi, hvað liti og tækni varðar getur engin boðið betur. NATURASUN getur boðið viðskiptavinum 10 mismunandi liti og ábyrgist jafna fallega áferð á húð, enga flekki. NATURASUN meðferð fæst á virtum snyrtistofum, enda kemst engin með tærnar þar sem NATURASUN hefur hælana!!

Hafnarsport ehf.

Sími 517 3700

www.hafnarsport.is



Calgel loksins á Íslandi !!

Calgel naglagelið er skaðlaust, fljótlegt og hreinlegt í notkun. Einföld aðferð til að öðlast þunnar, sveigjanlegar og fallegar neglur með eðlilegu útliti. Gelið er uppleysanlegt í acetoni og fæst í yfir 40 mismunandi litum ásamt naglalakki í stíl.

Calgel naglavörur eru frábær kostur fyrir alla sem láta sér annt um heilbrigði og fegurð handa og nagla.

Bendum á vefsíðuna www.calgel.is þar sem frekari upplýsingar er að finna.

Armani ehf., Einkaumboðsaðili Calgel á Íslandi, Sími 552 1200



RefectoCil

Fastur litur fyrir augnhár og augabrúnir

Allar íslenskar konur þekkja Refectocil vegna þess að það er einfalt og þægilegt í notkun, festitími er stuttur og útkoman er frábær. Liturinn helst í allt að sex vikur. Nú hafa bæst við nýjungar í línuna sem eru nýr ljósbrúnn litur, augnhreinsir og næring fyrir augnhár og augabrúnir. Í línunni eru nú 5 litir: Svartur, blásvartur, brúnn, ljósbrúnn og grár.

Halldór Jónsson ehf., Sími 563 6300, E-mail: hj@hj.is





Iðnmennt stóð fyrir Íslandsmóti iðnnema en Mennt sá um skipulagningu og framkvæmd keppinnar. Dagur iðn- og starfsmenntunar hefur að markmiði að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd greinanna, kynna þær almenningi - ekki síst ungu fólki, og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Er þetta í annað skiptið sem Iðnmennt og Mennt taka höndum saman um að kynna íslenskar iðngreinar.

Þetta var í fyrsta skipti sem snyrtifræðnemum var boðið að taka þátt í iðnnemamóti og þess er vænst að það verði árlegur viðburður. Fjórir keppendur tóku þátt í mótinu, tveir frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti og tveir frá Snyrtiskólanum. Keppt var í andlitsmeðferð, léttri dagfórðun og lökkun. Úrslit urðu þau að í fyrsta sæti varð Dagný Lóa Sigurðardóttir frá FB. Í öðru sæti varð Kristín Dögg Kjartansdóttir frá Snyrtiskólanum. Í þriðja sæti varð Elísabet Eir Eyjólfsdóttir frá FB og í því fjórða varð



Keppendur í snyrtifræði ásamt þáverandi iðnaðar-ráðherra og deildarstjóra snyrtibautar Fjölbautaskólans í Breiðholti með skólabíkarinn. Talið frá vinstri: Elísabet Eir Eyjólfsdóttir, Dagný Lóa Sigurðardóttir, Ingibjörg Andrésdóttir, Kristín Dögg Kjartansdóttir, Steinunn Sigurðardóttir og Valgerður Sverrisdóttir

Steinunn Sigurðardóttir frá Snyrtiskólanum. Skólaverðlaunin hlaut að þessu sinni Fjölbautaskólinn í Breiðholti. Terma gaf öllum keppendum vörur frá Lancome og færði auk þess Íslandsmeistarann sérstaka gjöf.



Nemendur Snyrtiskólans einbettir að störfum



Nemendur Fjölbautaskólans í Breiðholti að leggja lokahönd á módelin sín

Snyrtiskólinn í Kópavogi hefur fimmta starfsár sitt

Í júnílok voru 12 nemendur brautskráðir frá skólanum en þaðan eru nemendur brautskráðir þrisvar á ári, í mars, júní og nóvember. Miklar breytingar eiga sér nú stað þar sem Maxima efh., rekstarfélag skólans, hefur einnig fest kaup á Föðunarskóla Rifka áður No name og Naglaskóla Professionalnails. Snyrtiskólinn hefur einnig fengið leyfi Menntamálaráðuneytisins til að starfrækja fótaaðgerðabraut við skólann og hefst kennsla í janúar á næsta ári. Kennarar við fótaaðgerðaskólann stunduðu nám við danskan fótaaðgerðaskóla. Námið tekur eitt ár ásamt starfsþjálfun á stofu og að því loknu öðlast nemendur löggildingu sem fótaaðgerðafræðingar frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Allir þessir skólar verða reknir undir nafninu Snyrti-Akademían og hún verður eftir sem áður til húsa að Hjallabrekku 1 í Kópavogi.

Snyrtiskólinn útskrifar nemendur með alþjóðlegt CIDESCO diploma frá og með mars næstkomandi. Snyrti-Akademían hefur einnig samið við fyrirtækið Steiner,



F.v. Sigríður M. Guðjohnsen, Þuríður Stefánsdóttir, Kristín Sif Jónínudóttir, Margrét Lára Pálsdóttir, Inga Kolbrún Hjartardóttir, Guðlaug Þórarinsdóttir

sem rekur snyrtistofur um borð í öllum stærstu skemmtiferðaskipum heims, um að það taki nemendur sem lokið hafa prófi frá Snyrtiskólanum í starfsþjálfun til undirbúnings fyrir sveinspróf.

Fyrsti nemandinn fer í inntökupróf hjá Steiner í september. Steiner heldur inntökupróf á Íslandi í nóvember nk. fyrir starfandi snyrtifræðinga sem óska eftir að starfa á snyrtistofum fyrirtækisins um borð í skipunum. Snyrtifræðingar, sem hafa áhuga á að þreyta þessi próf og sækja um vinnu hjá Steiner, geta snúið sér til Snyrtiskólans.

Snyrti-Akademían hefur gert samstarfssamning við Fróða um að sjá um alla förðun fyrir tímarit þess. Nýja heimasíða Snyrti-Akademíunnar er www.Snyrti-Akademían.is

Snyrtibraut Fjölbautaskólans í Breiðholti 20 ára

Fjölbautaskólinn í Breiðholti er brautryðjandi í kennslu í snyrtifræði eftir að hún varð löggilt iðngrein 1985. Þar hófst kennsla í greininni haustið 1986 og hefur hún því verið kennd þar í tuttugu ár. Á þessum tíma hafa 286 nemendur verið brautskráðir. Við brautina starfa sex faggreinakennarar með fullgild kennsluréttindi.

Námsbrautin er skilgreind sem þriggja ára nám auk starfsþjálfunar. Nemendur geta einnig stundað viðbótarnám til stúdentsprófs.

Hinn 24. maí síðastliðinn voru tíu nemendur brautskráðir frá snyrtibraut FB. Nemendur tóku virkan þátt í allsherjar dimmisjóndegi skólans. Eins og myndirnar bera með sér var mikil stemning hjá þeim þennan dag sem tókst með eindæmum vel.

Laser til lækninga húðlýta og húðsjúkdóma

Notkun lasers í húðlækningum eykst dag frá degi og tækjabúnaðurinn verður æ þróaðri. Sum húðvandamál leysast vel með laser en önnur eru óleysanleg með þeim hætti. Mitt á milli þessara tveggja póla eru tilfelli þar sem unnt er að beita ýmsum ólíkum meðferðaraðferðum, þar á meðan laser. Burt séð frá allri tækni nútímans skiptir mestu máli reynsla meðferðaraðila og val á réttum tækjabúnaði til að tryggja besta mögulega árangur.

Á hverju byggist laser?

Orðið laser kemur úr ensku og stendur fyrir Light Amplification by Stimulated Emission of Radiation. Allt er gert úr frumeindum umluktum svokölluðum rafeindum. Undir venjulegum kringumstæðum eru rafeindirnar í „hvíld.“ Komist rafeind í snertingu við ljóseind sem er í ljósi tekur hún til sín orku frá ljóseindinni og fer á hærra orkustig. Slík rafeind getur farið aftur í hvíldarstöðu en gefur þá frá sér ljóseindarorku (a photon of light energy) sem er jöfn þeirri orku sem

hún fékk frá ljóseindinni. Ef ljóseindarorkan, sem rafeindin gefur frá sér fer til annarrar rafeindar sem hefur tekið til sín ljóseindarorku frá annarri ljóseind, getur sú síðarnefnda gefið frá sér tvöfalda ljóseindarorku ef hún fer í hvíldarstöðu. Ef þessi mögnun á sér stað mörgum sinnum fæst fram kröftugt ljós sem kallast laserljós.

Allir laserar byggjast á þremur grunneiningum:

- Orkugjafa, t.d. lampa.
- Lasermiðli sem gefur rafeindirnar fyrir ljósmögnunina. Hann getur verið í loftfasa, fljótandi fasa, föstum fasa eða sem frjálssar rafeindir.
- Ljósholými með tveimur speglum sem er utan um lasermiðilinn sem fær orku frá orkugjafanum.

Lasermiðillinn ákveður bylgjulengd laserljóssins. Mismunandi litir í húðinni draga til sín laserljós af ólíkri bylgjulengd. Val bylgjulengda til meðferðar getur þannig byggst á lit þess meins sem er meðhöndlað. Sumir laserar byggjast þó ekki á þessu lögmáli heldur t.d. leysa upp og eyða vef, svíða hann eða skera.

Gagnlegar ábendingar

Listinn er langur yfir þær ábendingar þar sem hægt er að hugsa sér laser til húðlækninga.

Meðferðir, sem felast í því að láta meinið draga til sín laserljósið, byggjast oft á bylgjulengdum sem rauður eða brúnn litur tekur til sín. Með bylgjulengd sem rauður tekur til sín er hægt að eyða æðum eins og t.d. í valbrá, æðasliti í andliti eða á ganglum, rósroða og ýmiss konar góðkynja blóðæxlum. Eyðing slíkra æða í örbrigsnum (keloids) eða ofholdgunum er álitin aftra myndun bandvefs í húðinni. Rauði liturinn í æðunum er til kominn af rauðu blóðkornunum sem draga til sín laserljósið en orkan berst síðan út í æðaveggina og veldur þar skemmdum. Lélegar æðar eyðast síðan. Með bylgjulengd, sem brúnn tekur vel til sín, er hægt að eyða meinum sem eru brún t.d. vegna melaníns sem sortufrumur framleiða. Háreyðing byggist einnig á vali á bylgjulengd sem brúnn litur tekur vel til sín. Hárin eru rökuð til að afmarka það svæði sem getur tekið ljósið til sín sem mest við hársræturnar. Hársrætur með svörtum

eða mjög dökkbrúnum lit taka best til sín laserljósið en við það myndast orka í hárrótunum. Orkunni er ætlað að eyðileggja hárræturnar og mynda örvef til að að hár vaxi þar ekki aftur. Stundum er það sem er til meðhöndlunar ekki einlitt eins og t.d. húðflúr en val bylgjulengda við meðferð þeirra tekur mið af lit(um) þess. Verkunarháttur í meinum, sem meðhöndluð eru með laserum sem byggjast á að láta meinin draga til sín ljós, er stundum ekki kunnur til fullnustu. Dæmi um þetta er t.d. þegar laser er breytt til að herða húð sem hefur skaðast af langvarandi togi (striae) eins og t.d. eftir barnsburð. Endanleg verkun þar er álitin vera aukin myndun elastíns í húðinni.


Unnt er að breyta aðferðum sem byggjast ekki á því að láta mein draga til sín laserljósið til margra nota. Koldíoxíðlaser er unnt að stilla á ýmsan hátt og láta hann þannig leysa upp vef (t.d. eyða yfirborðskennendum litabreytingum), svíða hann (t.d. fjarlægja vörtur eða góðkynja húðæxli) eða skera húðina (t.d. húðmeini eða stór augnlok). Erbium:YAG laser er hægt að nota til að leysa upp vef á yfirborði húðarinnar en húðþekjan vex síðan yfir meðferðarsvæðið með nýjum heilbrigðum frumum. Þannig er unnt að meðhöndla sólskaða í húð og ör.

Hvers er að vænta af meðferð?

Mikilvægt er að gera fólki vel grein fyrir hvað stendur til boða varðandi ólík mein og hvers er að vænta af meðferð. Önnur meðferðarform en laser eru oft miklu ákjósanlegri og geta gefið bata fyrr, verið þægilegri, öruggari og ódýrari. Verði laser fyrir valinu sem byggist á að láta lit meinsins draga til sín laserljósið fer það mikið eftir tækjabúnaði og einstaklingnum sjálfum hversu margar meðferðir þarf til að ná góðum árangri. Það sama á við meðferðir þar sem leystur er upp vefur á yfirborði húðarinnar. Laser sem byggist á að svíða eða skera mein í burtu er oft hægt að nota til að eyða meininu í einni meðferð.

Bolli Bjarnason dr. med.

Greinarhöfundur er sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum og kennir fagið við læknaeild Háskóla Íslands. Heimilisfang: Útlitslækning ehf., Húðlæknastöðinni ehf., Smáratorgi 1, 201 Kóp.



Útskriftarnemar á góðri stundu ásamt Stefáni Benediktssyni, aðstoðarskólameistara Fjölbautaskólans í Breiðholti



Nokkrir útskriftarnemar ásamt fóngulegum slökkviliðsmönnum sem voru líka að dimmitera



Tryggið ykkur glæsilegan plastpoka í tæka tíð

Lágmarksfjöldi á stofu er 500 pokar sem kosta kr. 10.000. Stofur eru hvattar til að panta hið allra fyrsta því að afgreiðslufrestur getur orðið allt að 6 vikur. Auks þess er stofum ráðlagt að panta mun meira magn en síðast því að í

ljós kom að pokarnir kláruðust mjög fljótt hjá mörgum. Vinsamlegast hafið samband hið fyrsta við Elenu hjá Plastprenti í síma 580 5600, bs. 580 5606, elena@plastprent.is.

Dagskrá vetrarins 2006 - 2007

Mánud.-þriðjud 18.-19. sept.	Stefnumótun
Miðvikud. 27. sept.	Haustfundur
Miðvikud.-mánud. 18.-23. okt.	Ferð til Aþenu
Miðvikud. 8. nóv.	Fræðslukvöld
Laugard. 27. jan.	Sóttþreinsinámskeið
Sunnud.-þriðjud. 25.-27. Feb.	Prof, Beauty sýning í London
Föstud. 2. mars	Aðalfundur
Laugard. 3. mars	Námskeið m. erl. kennara
Sunnud. 4. mars	Námskeið m. erl. kennara

Allar nánari upplýsingar um atburði vetrarins verða sendar félagsmönnum. Þegar nær dregur. Stjórnin áskilur sér rétt til breytinga ef þörf krefur.

Er framtíð í snyrtiðn?

Stefnumótun og framtíðarsýn

Stjórn FÍSF stendur að verkefni um mótun framtíðarsýnar og stefnu fagsins í samstarfi við SI. Vinnufundurinn verður haldinn frá hádegi mánu dagsins 18. september til hádegis þriðjudagsins 19. september nk. að Hótel Borgarnesi. Þátttaka er félagsmönnum að kostnaðarlausu nema í formi vinnuframlags og ferða til og frá fundarstað. Samtök iðnaðarins og Félag íslenskra snyrtifræðinga standa sameiginlega undir kostnaði af gistingu, kaffi, kvöldverði og morgunverði. Í kjölfarið verða haldnir tveir stuttir fundir áður en endanlegar niðurstöður liggja fyrir. Við vonumst eftir góðri þátttöku og virkni félagskvemma í þessu mikilvæga verkefni sem varðar framtíð okkar.

Mikilvægt er að félagskonur staðfesti þátttöku eða afboð í síðasta lagi miðvikudaginn 11. september nk. á skrifstofu Samtakanna í síma 591 0100 eða á netfangið mottaka@si.is.



Cidescodeild Íslands

SI



Aukablað Samtaka iðnaðarins
1. tbl. 12. árg. September 2006
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 01. september 2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Ljósmynd: Forsíða Halldór H. Jónsson hf.
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101- Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ritstjórn: Guðrún Pétursdóttir, Nína Björg Sigurðardóttir, Ólafía Magnúsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir, Brynjar Ragnarsson
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Við verðum í Egilshöll



Dagana 7. - 11. september n.k. verður ein allra stærsta sýning sem haldin hefur verið á Íslandi í Egilshöll. Sýning þessi verður helguð heilsu og vellíðan í víðasta skilningi. Þar verður hægt að njóta, skoða, prófa, smakka og upplifa. Félag íslenskra snyrtifræðinga ætlar að vera á staðnum og kynna fagið okkar. Þetta er enn eitt framhaldið af átaki okkar „faglegar og löglegar.“